# Laugardagur 23. september

## Sjónvarpið

15.00 **Íþróttaþátturinn.** Meðal annars bein útsending frá Ryder-Cup-keppninni.
18.00 **Dvergaríkið (13)** (La Llamada de los Gnomos). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn.** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Réttan á röngunni** – úrslit. Gestaþraut í sjónvarpssal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
20.40 **Lottó.**
20.45 **Gleraugnaglámur** (Clarence). Nýr breskur gamanmyndaflokkur með Ronnie Barker í aðalhlutverki. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
21.20 **Ást í meinum** (Liars Moon). Bandarísk bíómynd frá 1981. Leikstjóri David Fisher. Aðalhlutverk Matt Dillon, Cindy Fisher, Christopher Connelly og Yvonne DeCarlo. Fátækur piltur verður hrifinn af stúlku af auðugum ættum. Þau hittast á laun þrátt fyrir áköf mótmæli foreldra sinna og eru ákveðin í að hefja búskap þegar þau hafa aldur til. En ýmislegt á eftir að hafa áhrif á gang mála áður en að því kemur. Þýðandi Veturliði Guðnason.
23.05 **Sporðdrekinn** (Scorpio). Bandarísk bíómynd frá 1972. Leikstjóri Michael Winner. Aðalhlutverk Burt Lancaster, Alain Delon og Paul Scofield. Tveir samstarfsmenn í bandarísku leyniþjónustunni eiga erfitt með að treysta hvor öðrum þar sem annar þeirra er talinn vera njósnari Sovétmanna. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson. Myndin er ekki við hæfi barna.
00.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## Stöð 2

9.00 **Með Afa** Þá er hann Afi kominn aftur úr sveitinni. Hann hafði það gott í sumarfríinu sínu en er orðinn gríðarlega spenntur að hitta Pása vin sinn og alla krakkana sem horfa á þáttinn hans. Teiknimyndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jói hermaður.** Ævintýraleg og spennandi teiknimynd um alþjóðlegar hetjur sem eru að vernda heimsfriðinn.
10.55 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd með íslensku tali um Sólrúnu.
11.20 **Henderson-krakkarnir.** Vandaður ástralskur framhaldsflokkur um systkinin Tam og Steve sem nú eru flutt til borgarinnar.
11.50 **Sigurvegarar.** Winners. Sjálfstæður ástralskur framhaldsmyndaflokkur í átta hlutum. Fyrsti þáttur. Spurningar um óréttlæti og hörmungarástand heimsins valda ungum dreng miklum heilabrotum. Hann fær ekki skilið hvernig nokkur maður getur litið glaðan dag. Aðalhlutverk: Dennis Miller, Ann Grigg, Ken Talbot, Sheila Florance, Candy Raymond og John Clayton.
12.45 **Djöfullinn og ungfrú Jones.** The Devil and Miss Jones. Myndin segir frá eiganda verslunarsamsteypu sem fær sé vinnu í einni af verslunum sínum undir fölsku nafni. Létt og skemmtileg gamanmynd.
14.20 **Bílaþáttur Stöðvar 2.** Endurtekinn þáttur. Umsjón: Birgir Þór Bragason.
14.50 **Talnaerjur.** Book of Numbers. Myndin gerist í Bandríkjunum á kreppuárunum og segir frá tveim félögum sem tekst að öngla saman peningum til þess að setja upp lítið spilavíti í El Dorado í Arkansas. Aðalhlutverk: Raymond St. Jacques og Philip Thomas.
16.10 **Falcon Crest.**
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt o.fl. skemmtilegt. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heilsubælið í Gervahverfi.** Það voru gerðir átta þættir og til þess að gleðja sem flesta ætlum við að sýna þá alla aftur, einn á hverju laugardagskvöldi.
20.55 **Ísmaðurinn.** Iceman. Flokkur olíuleitarmanna er að leita í námum þegar þeir koma niður á neanderdalsmann sem legið hefur frosinn undir mörgum snjólögum í um það bil 40.000 ár. Aðalhlutverk: Timothy Hutton, Lindsay Crouse og Jeff Lone. Leikstjóri: Fred Schepisi. Framleiðendur: Pattrick Palmer og Norman Jewison.
22.35 **Undirheimar Miami.** Miami Vice. Þá eru Crockett og Tubbs komnir aftur eftir langt hlé og í þessum fyrsta þætti rannsaka þeir óhugnanlegt morð sem framið er í sjónvarpsþætti. Við viljum vekja athygli á því að þessi þáttur er alls ekki við hæfi barna. Aðalhluverk: Don Johnson og Philip Michael Thomas.
23.25 **Hárið.** Hair. Þessi kvikmynd þykir mjög raunsönn lýsing á hippakynslóðinni og fjögur ungmenni endurspegla anda þessa tíma eða Vatnsberaaldarinnar með eftirminnilegum leik þar sem söngur, dans og tónlist þessa tímabils eru fléttuð inn í.
1.30 **Í tvíburamerkinu.** I tvillingernes tegn. Ole Soltof varð á sínum tíma frægur fyrir rúmstokksmyndirnar svokölluðu en hérna er hann í einni ljósblárri með ekta dönskum húmor. Myndin gerist á fjórða áratugnum. Tveir hljómplötuútgefendur keppa um að ná samningi við heimsfrægu stjörnuna Doleres Rossi. Aðalhlutverk: Ole Soltoft, Arthur Jensen, Karl Stegger, Cia Lowgren, Lisa Hennigsen, Louise Frevert og Bie Warburg. **Stranglega bönnuð börnum.**
3.05 **Af óþekktum toga.** Of Unknown Origin. Fjölskylda býr í nýuppgerðum kastala og unir sér vel utan skarkala umheimsins. Til þess að fjölskyldufaðirinn geti óáreittur einbeitt sér að mikilvægu verkefni fer eiginkonan ásamt börnum, þeirra tveimur í burtu fáeina daga. Aðalhlutverk: Peter Weller, Jennifer Dale, Lawrence Dane og Kenneth Welsh. **Stranglega bönnuð börnum.**
4.35 **Dagskrárlok**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Örn Bárður Jónsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi –** Segðu mér söguna aftur – ljóð og sögur. Umsjón Gunnvör Braga.
9.20 **Sígildir morguntónar.** Rússnesk tónlist fyrir píanó eftir Pjotr Tsjækovskíj, Modest Mussorgskí, Alexander Skríabin og Alexander Ilyinskí. Christopher Headington leikur á píanó. (Af hljómdiski.)
9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Haustmorgunn í garðinum.** Umsjón Hafsteinn Hafliðason.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón Sigrún Stefánsdóttir.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Borgir í Evrópu –** Stokkhólmur. Umsjón Steinunn Jóhannesdóttir.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi. Umsjón Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins –** Krakkarnir í Grindavík. Umsjón Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Að strjúka strengi og blása í pípu.** Magnús R. Einarsson fjallar um írska þjóðlagatónlist og bregður sér m.a. til Sligo á Írlandi en þar fór fram þjóðlagamót með um 100 þúsund þátttakendum.
18.00 **Af lífi og sál –** Rallý. Erla B. Skúladóttir ræðir við Birgi og Hrein Vagnssyni um sameiginlegt áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.** – Þrír valsar eftir Johann Strauss. Sinfóníuhljómsveit Berlínar leikur; Robert Stolz stjórnar. (Af hljómdiski.)
20.00 **Sagan:** Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les sögulok (10).
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum.)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Kristinn Hallsson syngur íslensk lög, Árni Kristjánsson leikur á píanó. (Af hljómböndum.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmónikuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. (Áður útvarpað sl. vetur.) Kynnir Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Línudans.** Örn Ingi ræðir við hjónin Ásgeir Halldórsson málarameistara og Rósamundu Káradóttur, sundlaugarvörð í Hrísey. (Frá Akureyri.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Heimurinn á heimavígstöðvum.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson tekur saman tóndæmi hvaðanæva úr heiminum.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
00.10 **Út á lífið.** Anna Björk Birgisdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Troels Bendtsen verslunarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Úr gömlum belgjum.**
07.00 **Morgunpopp.**
07.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 Bylgjan

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Athyglisverðir og vel unnir þættir um allt milli himins og jarðar, viðtöl við merkilegt fólk sem vert er að hlusta á.
13.00 **Íþróttadeildin** með nýjustu frétir úr sportinu.
16.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Ljúf dagskrárstund með þessum vinsæla útvarpsmanni, þar sem hann leikur tónlist og fær menn í viðtöl. Sveitatónlist í hávegum höfð.
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson.** Strákurinn er búinn að dusta rykið af bestu diskósmellum síðustu ára og spilar þau ásamt því að skila kveðjum til hlustenda.
3.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Nú er mál að linni. Það er ekki aftur snúið þegar **Siggi** byrjar. Hress lög og alls kyns uppátæki. Ertu að bóna bílinn eða ryksuga íbúðina? Ef svo er spilar Siggi Hlöðvers réttu rónlistina sem þú vilt heyra.
13.00 **Kristófer Helgason.** Nú ættu allir að vera í góðu skapi og um að gera að biðja um uppáhaldslagið sitt eða senda afmæliskveðju.
18.00 **Snorri Sturluson.** Ætlarðu út á lífið í kvöld? Ef svo er kemstu í rétta skapið því öll vinsælustu danslögin heyrirðu hjá Snorra.
22.00 **Hafþór Freyr Sigmundsson** mættur á næturvaktina með allt á hreinu.
3.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## Útrás FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **FG.**
16.00 **IR.**
18.00 **MH.**
20.00 **MS.**
22.00 **FB.**
24.00 **Næturvakt í umsjón IR.** Óskalög & kveðjur, sími 680288.
4.00 **Dagskrárlok.**

## Eff Emm

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórs.**
15.00 **Á laugardegi.** Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball.“**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## Rót útvarp FM 106,8

**Íslensk tónlistarvika á útvarpi Rót.** Öll tónlist, sem flutt verður í dag, er eftir íslensk tónskáld eða með íslenskum flytjendum.
10.00 **Tónsprotinn.** Leikin tónlist eftir íslensk tónskáld og með íslenskum hljóðfæraleikurum, kórum og einsöngvurum. Þessi þáttur er helgaður tónlistarskólum. Gestir þáttarins verða Björgvin Valdimarsson og Haukur F. Hannesson. Umsjón Soffía Sigurðardóttir.
12.00 **Í þá gömlu góðu daga.** Dægurperlur fyrri ára.
13.00 **Klakapopp.** Dægurlagatónlist síðari ára leikin og spjallað við tónlistarmenn. Umsjón: Steinar Viktorsson og Kristín Sævarsdóttir.
18.00 **Perlur fyrir svín.** Halldór Carlsson.
19.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## Sky One

5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Trans World Sport.** Íþróttaþáttur.
11.00 **Veröld Frank Bough's.** Heimildamynd.
12.00 **Jameson's Week.** Rabbþáttur.
13.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
14.00 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Dolly.** Tónlistarþáttur.
17.00 **Mathilda.** Kvikmynd.
19.00 **Ransom.** Kvikmynd.
21.00 **Fjölbragðaglíma. (Wrestling)**
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Poppþáttur.**

## Sky Movies

13.00 **Doctor Doolittle.**
15.30 **Gay Purr-ee.**
17.00 **Maxie.**
19.00 **Haunted Honeymoon.**
21.00 **Year of the Dragon.**
22.35 **The Corsican Brothers.**
00.15 **The Hitchhiker.**
01.00 **The House that Screamed.**
03.00 **The Maximum Overdrive.**

## Eurosport

09.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
12.00 **Rugby.** Frá Ástralíu.
13.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
manna í Bandaríkjunum.
17.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
18.00 **Masters Showjumping.** Keppni í Calgary.
19.00 **Golf.** Ryder Cup. Keppni Bandaríkjanna og Evrópu á Belfry golfvellinum í Englandi.
22.00 **Blak.** Evrópumeistarakeppnin í Svíþjóð.

## Super Channel

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Charlie Chaplin.**
13.00 **Carry on Laughing.**
13.30 **The Goodies.**
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestrasería.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Íþróttir.** Körfubolti.
17.30 **Honey West.** Spennumyndaflokkur.
18.00 **Follow the Fleet.** Kvikmynd.
20.35 **Kennedy.** Míniseria.



**Margar skrýtnar persónur koma fram í Heilsubælinu í Gervahverfi.**

### Stöð 2 kl. 20.00:

## Heilsubælið í Gervahverfi

Fyrir tveimur árum gerði Stöð 2 átta þætti um Heilsubælið í Gervahverfi sem nutu vinsælda og umtals þegar þeir voru sýndir nokkru síðar. Hér er um að ræða farsakennda þáttaröð er segir frá daglegu lífi innan heilsubælisins.

Margar skrautlegar persónur koma við sögu: sjúklingar, læknar, hjúkrunarkonur og gestir í heimsókn. Og þótt misjafnlega hafi tekist til við persónusköpun þá eru nokkrir karakterar bráðfyndnir og vel heppnaðir.

Helstu leikarar í Heilsubælinu eru Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Júlíus Brjánsson, Edda Björgvinsdóttir, Gísli Rúnar Jónsson og Pálmi Gestsson. Bregða þau sér öll í fleiri en eitt hlutverk. Handritshöfundar eru Gísli Rúnar Jónsson og Þórhallur Sigurðsson og er sá fyrrnefndi einnig leikstjóri.

Sjálfsagt er það svo með þáttaröð á borð við Heilsubælið í Gervahverfi að annaðhvort líkar mönnum við þættina eða ekki. Ekkert er þar á milli. Og þeir sem á annað borð líkar húmorinn eiga auðvelt með að hlæja í annað sinn.

-HK

### Rás 1 kl. 17.00:

## Að strjúka strengi og blása í pípu

Að strjúka strengi og blása í pípu er þáttur um írska alþýðutónlist á rás 1. Í þættinum verður fjallað um hljóðfæraleik í írskri alþýðutónlist. Írar eiga sér langa og merkilega hefð í tónlistinni sem stendur með miklum blóma um þessar mundir. Í þættinum verður saga írskrar tónlistar rakin í stórum dráttum. Fjallað verður um einstök hefðbundin hljóðfæri, leikmáta og sérkenni spilamennskunnar.

Ekki er ætlunin að gera fræðilega úttekt á írskri alþýðutónlist en form hennar verður skýrt út eins og hægt er í einum þætti.

Síðast en ekki síst segir frá heimsókn umsjónarmanns þáttarins, Magnúsar R. Einarssonar, á mikla þjóðlagahátíð sem haldin er hvert ár á Írlandi þar sem saman voru komnir hljóðfæraleikarar frá öllu Írlandi og víða að úr heiminum.



**Burt Lancaster leikur njósnarann Cross sem dæmdur er til dauða af CIA.**

### Sjónvarp kl. 23.05:

## Sporðdrekinn

Veröld njósnara sem lifa einir og ávallt við dyr dauðans er þema Sporðdrekans (Scorpio). Cross er njósnari sem kominn er á síðasta snúning aldurs vegna. CIA grunar hann um að selja Rússum leynilegar upplýsingar og þar með ógnar hann öryggi þjóðarinnar og því er sendur á hann leigumorðingi. Leigumorðinginn er annar njósnari, Laurier, sem hafði eitt sinn starfað með Cross.

Það er samt ekki auðvelt að drepa Cross. Hann er þrátt fyrir háan aldur reyndur njósnari og kann sitthvað fyrir sér og hikar ekki við að notfæra sér reynslu sína til að bjarga sjálfum sér . . .

Burt Lancaster leikur Cross og Alain Delon Laurier. Aðrir þekktir leikarar eru Paul Scofield, John Collicos og Gayle Hunnicut. Mynd þessi fékk ágætar viðtökur á sínum tíma en hún er gerð 1973.

-HK